

Listasafn Íslands
02 907

Ársreikningur 2019

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Listasafn Íslands
kt. 440269-5599
Fríkirkjuvegi 7, 101 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Listasafn Íslands er ríkisaðili í A-hluta er listasafn í eigu íslenska ríkisins sem var stofnað árið 1884 í Kaupmannahöfn.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir nokkur málefnavið 18 og málauflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum,

Á árinu 2019 var ársveltan kr. 399,1 milljónir og afkoma kr. 15,8 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 11,7 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 317,9 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2019 gefi glöggja mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Listasafns Íslands í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Listasafns Íslands fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Auður Harpa Þórssdóttir

Forstöðumaður

(Undirritun rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	334.300.000	234.200.000
Seld þjónusta	3	38.577.868	39.280.299
Vörusala	4	13.937.553	12.915.809
Framlög og ýmsar tekjur	5	8.732.753	23.500.871
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	3.571.828	3.415.174
Tekjur samtals		399.120.002	313.312.153
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	6	183.556.229	158.810.390
Annar rekstrarkostnaður	7	196.208.761	122.833.174
Afskriftir	8	3.571.828	3.415.174
Gjöld samtals		383.336.818	285.058.738
Afkoma fyrir fjármagnsliði			
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		65.511	0
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(79.519)	(78.683)
Afkoma ársins		15.769.176	28.174.732

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr	31.12.2019	31.12.2018
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	9		
Áhöld, tæki og búnaður	11.458.506	12.875.974	
Farartæki og vélar	584.609	667.850	
Aðrar eignir	<u>247.004.555</u>	<u>219.335.050</u>	
Fastafjármunir samtals	<u>259.047.670</u>	<u>232.878.874</u>	
Veltufjármunir			
Birgðir	6.898.994	6.290.239	
Viðskiptakröfur	2.034.785	14.219.991	
Tengdir aðilar	8.070.180	21.838.407	
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	32.302.602	31.429.785	
Handbært fé	<u>9.557.559</u>	<u>8.275.899</u>	
Veltufjármunir samtals	<u>58.864.120</u>	<u>82.054.321</u>	
Eignir samtals	<u>317.911.790</u>	<u>314.933.195</u>	
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	11		
Hrein eign	<u>11.695.317</u>	<u>(4.073.859)</u>	
Eigið fé samtals	<u>11.695.317</u>	<u>(4.073.859)</u>	
Skuldir			
Tengdir aðilar	10	7.909.684	54.512.206
Viðskiptaskuldir	12	15.062.076	15.976.930
Ýmsar skammtímaskuldir	13	19.531.392	12.632.769
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	<u>263.713.321</u>	<u>235.885.149</u>	
Skuldir samtals	<u>306.216.473</u>	<u>319.007.054</u>	
Eigið fé og skuldir samtals	<u>317.911.790</u>	<u>314.933.195</u>	
Aðrar upplýsingar	14		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstremisýfirlit ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		15.769.176	28.174.732
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstremi:			
Afskriftir	8	3.571.828	3.415.174
Tekjfærsla frestaðra tekna fyrri ára		(3.571.828)	(3.415.174)
		15.769.176	28.174.732
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		11.312.389	(42.927.417)
Tengdir aðilar		(32.834.295)	
Birgðir		(608.755)	(157.131)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		5.983.769	(7.046.663)
		(16.146.892)	(50.131.211)
	Handbært fé frá rekstri	(377.716)	(21.956.479)
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	9	(29.740.624)	(27.593.725)
		(29.740.624)	(27.593.725)
Fjármögnumnarhreyfingar			
Tengdir aðilar		0	(11.659.590)
Fjárfestingarfamlag		31.400.000	30.600.000
		31.400.000	18.940.410
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		1.281.660	(30.609.794)
Handbært fé í byrjun árs		8.275.899	38.885.693
	Handbært fé í árslok	9.557.559	8.275.899

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstremisýfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttakins endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Aðrar tekjur

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfæignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvárað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8-15 ár
Aðrar eignir	0-10 ár

Skýringar

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppségjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppségjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Skýringar

	2019	2018		
2 Tekjufærsla fjárveitinga				
Fjárveiting ársins	334.300.000	261.800.000		
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga	0	(27.600.000)		
Tekjufærsla fjárveitinga	<u>334.300.000</u>	234.200.000		
Tekjufærsla frestaðra tekna	3.571.828	3.415.174		
	<u>337.871.828</u>	<u>237.615.174</u>		
Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:				
	Rekstur	Rekstrar-tilfærslur	Fjármagns-tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	334.300.000	0	0	334.300.000
Fjárveiting til tekna	334.300.000	0	0	334.300.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi að frádregnum sértekjum	(318.530.824)	0	0	(318.530.824)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	15.769.176	0	0	15.769.176
3 Seld þjónusta				
Sérfræðiþjónusta	1.206.278	1.168.141		
Ýmsar þjónustutekjur	37.371.590	38.098.452		
	<u>38.577.868</u>	<u>39.280.299</u>		
4 Vörusala				
Vörusala I	9.106.742	7.649.930		
Vörusala II	4.826.407	5.265.879		
Vörusala, umboðs- og endursala	4.404	0		
	<u>13.937.553</u>	<u>12.915.809</u>		
5 Framlög og ýmsar tekjur				
Leigutekjur	1.571.452	1.857.105		
Afnotagiöld	242.396	138.378		
Famlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	6.627.428	17.328.050		
Ýmsar tekjur	291.477	4.177.338		
	<u>8.732.753</u>	<u>23.500.871</u>		
6 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður				
Laun	146.442.284	133.125.156		
Orlof, breyting	4.367.682	(4.308.979)		
Launatengd gjöld	31.815.174	29.281.689		
Starfsmannakostnaður	931.089	712.524		
	<u>183.556.229</u>	<u>158.810.390</u>		
Meðalfjöldi stöðugilda	16,6	16,2		

Skýringar

	2019	2018
7 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	991.953	903.965
Byggingarvörur, almennar	854.658	466.361
Byggingarvörur, aðrar	39.621	37.398
Tæki og búnaður til innréttингa	0	6.296
Ýmis tæki og áhöld	550.297	693.958
Varahlutir og viðhaldsvörur	4.782	26.173
Orkugjafar	7.493.597	7.434.505
Matvæli	3.017.077	2.690.545
Almennar rekstrarvörur	<u>1.114.240</u>	<u>676.100</u>
Vörukaup, almenn	14.066.225	12.935.301
Kennslu- og föndurvörur	221.403	0
Ýmsar sérgreindar vörur	<u>965.329</u>	<u>2.305.964</u>
Vörukaup, sérgreind	1.186.732	2.305.964
Fundir, námskeið, risna	1.670.898	894.873
Ferðir, upphald	1.750.098	1.232.099
Akstur	433.610	635.779
Sérfræðiþjónusta	26.298.489	30.417.758
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	582.550	456.955
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	6.036.852	5.098.945
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	<u>8.380.757</u>	<u>5.506.903</u>
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	45.153.254	44.243.312
Afnotagjöld	7.969.761	7.365.898
Leigugjöld	101.941.292	36.762.093
Notkun véla og flutningataekja	2.831.399	1.670.932
Verkkaup	17.160.074	13.325.685
Tryggingar, lögboðnar	259.235	271.593
Opinber gjöld	0	236.326
Tilfærslur	250.295	20.000
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	130.412.056	59.652.527
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>196.208.761</u>	<u>122.833.174</u>
8 Afskriftir	2019	2018
Áhöld, tæki og búnaður	3.251.592	3.064.876
Farartæki og vélar	83.241	83.118
Aðrar eignir	<u>236.995</u>	<u>267.180</u>
	<u>3.571.828</u>	<u>3.415.174</u>

Skýringar

9 Varanlegir rekstrarfjármunir	2019	2018
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	11.458.506	12.875.974
Farartæki og vélar	584.609	667.850
Aðrar eignir	247.004.555	219.335.050
	<u>259.047.670</u>	<u>232.878.874</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2019:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2019	22.352.501	833.914	222.186.011	245.372.426
Viðbætur á árinu	<u>1.834.124</u>	<u>0</u>	<u>27.906.500</u>	<u>29.740.624</u>
	<u>24.186.625</u>	<u>833.914</u>	<u>250.092.511</u>	<u>275.113.050</u>
Afskriftir 1.1.2019	9.476.527	166.064	2.850.961	12.493.552
Afskrift ársins	<u>3.251.592</u>	<u>83.241</u>	<u>236.995</u>	<u>3.571.828</u>
	<u>12.728.119</u>	<u>249.305</u>	<u>3.087.956</u>	<u>16.065.380</u>
Staða 31.12.2019	<u>11.458.506</u>	<u>584.609</u>	<u>247.004.555</u>	<u>259.047.670</u>

10 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:			
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs		8.070.180	1.345.500
Áætluð leiðréttung vegna fjárveitinga			20.492.907
		<u>8.070.180</u>	<u>21.838.407</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð		7.617.503	53.717.096
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs		<u>292.181</u>	<u>795.110</u>
		<u>7.909.684</u>	<u>54.512.206</u>

11 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2019	31.12.2018
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1	(4.073.859)	4.393.898
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	0	(36.642.489)
Afkoma ársins	<u>15.769.176</u>	<u>28.174.732</u>
Jöfnuður 31.12.	<u>11.695.317</u>	<u>(4.073.859)</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærla eiginfjár yfir á næsta ár er háð ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30.gr. laga um opinber fjármál og samráði við viðkomandi fagráðuneyti og verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi 2019 og B-deild Stjórnartíðinda.

Skýringar

	31.12.2019	31.12.2018
12 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	17.411.942	12.632.769
Ógreidd laun	1.348.000	0
Önnur ógreidd gjöld	628.256	0
Skattar	143.194	0
	<u>19.531.392</u>	<u>12.632.769</u>

13 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2019	31.12.2018
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	259.047.670	232.878.874
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	4.665.651	3.006.275
	<u>263.713.321</u>	<u>235.885.149</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2019	232.878.874	3.006.275	235.885.149
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	31.400.000	31.400.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	29.740.624	(29.740.624)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(3.571.828)	0	(3.571.828)
	<u>259.047.670</u>	<u>4.665.651</u>	<u>263.713.321</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2019 munu kr. 1,6 milljónir koma til tekna á árinu 2020.

14 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði til ársloka 2023 og þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa til næsta árs. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 104,4 milljónum og vegna þjónustu- og vörslusamninga kerfa kr. 9,1 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2019.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.